

**Netverk níu (átta) skóla í Grafarvogi
um
atferlisvanda nemenda
í grunnskólum Grafarvogs**

Greinargerð um þróunarverkefni skólaárið 2007 - 2008

III Hluti: Úrræði / viðbrögð kennara

Í þessum hluta er fjallað um úrræði sem verið er að nota í skólunum í dag, flokkað eftir sömu flokkum og áður, þ.e. í flokk A falla þau úrræði sem alla jafna er beitt gagnvart þeim nemendum sem féllu í flokk A hér að ofan. Í síðari hluta kaflans er fjallað sérstaklega um nokkur þau úrræði sem fulltrúar í netverkinu telja að hafi gefist vel og eru reiðubúin að miðla þeim áfram.

Yfirlit yfir helstu úrræði sem eru notuð í skólunum átta

Á yfirlit hér að neðan má sjá hvernig kennarar eru að bregðast við hegðunarvanda nemenda í hverjum flokki fyrir sig inni í bekknum eða inni í skólunum. Þátttakendur í netverkinu söfnuðu saman upplýsingum í skólunum og gerðu lista sem síðan var samræmdur. Meginmarkmið með slíkum lista er að fá yfirlit yfir þau úrræði sem er verðið að nota og reyna að sjá út hvað gæti verið að virka vel og er þess virði að miðla milli skóla og öðlast aukna færni í að beita. Ennfremur gæti hann hjálpað kennurum við að meta hvort úrræði eru nýtt með markvissum hætti, þ.e. hvort alltaf er verið að bregðast við í samræmi við vandann.

Listinn er settur upp eftir flokkum (lárétt) en úrræði eru einnig flokkuð eftir eðli eða hvar þau fara fram (lóðrétt). Þeir flokkar eru:

- Aðferðir kennara við bekkjarstjórnun.
- Kennsluhættir sem ætlað er að draga úr líkum á truflandi hegðun.
- Samstarf / samskipti við foreldra eða heimilin um hegðun nemenda.
- Aðgerðir í skólanum sem heild sem ætlað er að bæta hegðun nemenda.
- Samstarf ýmissa aðila innan skólans sem komið er á gagngert til að vinna með hegðun.
- Samstarfið við aðila utan skóla vegna hegðunar nemenda.

Ekki reyndist alltaf auðvelt að flokka úrræðin eða að ákveða hvort það er nýtt við nemendur sem t.d. flokkuðust unír flokk A eða flokk B. Mikilvægt er að allaf séu reynd vægustu úrræði áður en farið er að reyna þau sem hafa afdrifarríkar afleiðingar fyrir nemandann. Þannig þótt nemandi falli undir flokk C þá má ganga út frá því að önnur og vægari úrræði hafi þegar verið reynd.

Table 1: Yfirlit yfir helstu úrræði í grunnskólum Grafarvogs

	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
Aðferðir kennara við bekkjarstjórnun	<p>Skýrar reglur í vinnuumhverfi / Sjónrænar vísbendingar</p> <p>Staðsetning í stofu Skýr fyrirmæli</p> <p>Umbunarkerfi</p> <p>Viðtal við nemanda</p> <p>Hvatning/benda á það sem gert er rétt.</p> <p>Skýr vinnuáætlun</p> <p>Taka nemanda tímabundið úr aðstæðum</p> <p>Bekkjarfundur</p>	<p>Mikið aðhald í tímum</p> <p>Dagbók/jákvæð styrking</p> <p>Kennari ræðir alvarlega við viðkomandi.</p> <p>Umbunarkerfi í stofu</p> <p>Tímabundin aðstoð í bekk</p> <p>Virknimat</p> <p>Atferlismótun</p> <p>Fá nemendum ákveðin verkefni til að aðstoða í bekknum</p>	<p>Aðlöguð stundaskrá</p> <p>Nemandi vinnur í sérrými</p> <p>Hegðunarsamningur</p> <p>AHA – skráningar – atferlismótun</p>
	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
Kennsluhættir	Aðlagað námsefni, einstaklingsáætlun	Aðlagað námsefni, einstaklingsnámskrá	Aðlagað námsefni, einstaklingsnámskrá

	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
Samskipti við foreldra / heimili	Viðtal við foreldra / kennari hringir heim Samskiptabók Handbók nemenda SMS Tölvupóstur	Reglulegir fundir með foreldrum, deildarstóri og umsjónarkennari saman Mikil samvinna heimilis og skóla	Fundir með skólastjórnanda, foreldrum og fulltrúum Miðgarðs eða viðeigandi fagaðilum (umsjónarkennri áframlykilpersóna)
	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
Skólinn sem heild	Punktakerfi og skráningar í Mentor Stig af stigi Olweus Áttavitinn PBS Sérúrræði innan skóla Nemendur eru skólavinir / leikjakennsla í frímínútum Uppbyggingarstefna Skólinn opnaður á morgnanna og nemendum boðið upp á mat. Bætt aðstaða í frímínútum <u>Bókasafn opið í hléum</u>	Nemendaverndarráð Lausnarteymi Markvissar skráningar í Mentor Námsver 2 Listmeðferð Atferlisver Ásgarður Breiðablik Valhöll Valver	Aukin gæsla í frímínútum

	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
Samskipti innan skóla	<p>Stuðningsfulltrúar koma inn í bekk.</p> <p>Þroskaþjálfí fylgir nemanda.</p> <p>Regluleg viðtöl við námsráðgjafi</p> <p>Deildarstjóri fylgist með málinu</p>	<p>Reglulegir fundir umsjónarkennara, foreldra, nemanda og agastjóra (deildarstjóra)</p> <p>Deildarstjóri kennir nemendum að vera í frímínútum</p> <p>Viðtöl í lok hvers skóladags hjá fulltrúa skólastjóra</p>	<p>Reglulegir fundir</p>
	Flokkur A	Flokkur B	Flokkur C
Samskipti við aðila utan skóla	<p>Miðagarður / kennsluráðgjöf til kennara</p> <p>Sjálfstyrkingarnámskeið</p> <p>Baujunnar</p>	<p>Atvinnutengt nám</p> <p>Vinahópar ÍTR</p> <p>Unglingasmiðjur</p> <p>Heilsugæsluteymi</p> <p>Miðgarður /greining, ráðgjöf</p> <p>Umsjónarmaður félagsmiðstöðvar</p>	<p>Öflugt samstarf við skólasálfræðing/félagsráðgjafa Miðgarðs</p> <p>Unglingasmiðja</p> <p>Skólaskipti</p> <p>Barnavernd</p> <p>Brúarskóli – ráðgjöf / vistun</p> <p>BUGL</p> <p>Bjarkarhlíð</p> <p>Farteymi</p>

Úrræði sem gefist hafa vel

Hér á eftir er nánari lýsing á nokkrum þeirra úrræða sem gefist hafa vel að mati þátttenda í netverkinu. Á eftir umfjöllun um hvert atriði er tiltekið innan sviga í hvaða skólum viðkomandi úrræði hefur verið nýtt með góðum árangri.

Flokkur A - Vægir hegðunarerfiðleikar

Bekkjarstjórnun

Bekkjarstjórnun og gott aðhald hjá umsjónarkennara er grundvöllur fyrir góðum samskiptum í bekk. Samskiptabók er notuð hjá yngri nemendum. Bókin eflir m.a. tengsl heimilis og skóla og foreldrar verða meðvitaðir um hvernig skólaganga barnanna gengur. Ef nemandi á í erfiðleikum eru haldnir reglulegir fundir með foreldrum og þeim aðilum er mest koma að nemanda. Farið er yfir stöðu mála á þessum fundum og ákveðið hvað hver aðili á að gera til þess að ná sem bestum árangri með nemandanum. Í byrjun fundar er farið yfir hvernig gengið hefur og í lok fundar er ákveðið hvert framhaldið er.

(Rimaskóli, Borgaskóli)

Handbók nemenda í 9. - 10. bekkur

Nemendur kaupa handbók Engjaskóla að hausti og nota allt árið. Markmið handbókar er að auka ábyrgð nemenda og foreldra á námi barnanna. Nemendur setja sér markmið og skrá þau í handbók vikulega ásamt heimavinnu. Í handbókinni eru einnig ýmsar upplýsingar um skólastarfið og einstaka greinar. Gert er ráð fyrir því að foreldrar fylgist með því sem skrifað er í bækurnar, skrifi undir og verði þannig meiri þátttakendur í námi barna sinna. Einnig meta kennarar stöðu nemenda reglulega og skrá í bókina. Í handbókinni eru einnig skólareglur og skóladagatal.

(Engjaskóli)

Engjaskóli

Hafragrautur í boði skólans á hverjum morgni. Skólinn opinn svo nemendur þurfa ekki að bíða úti. Engar raðir eftir að frímínútum lýkur, skólinn opnaður rétt áður en hringt er til þess

að koma í veg fyrir troðning. Nemendur mega hafa síma í skóla en ekki í kennslustundum. Góð aðstaða til inniveru unglunga, borðtennis, fótboltaspil, sófar og dýnur. Bókasafnið opið í frímínútum og 3 daga í viku í hádegishlé.

(Engjaskóli)

Nemendaviðtöl

Nemendaviðtöl eru skipulagt jákvætt spjall milli kennara og einstakra nemenda. Þau eru tækifæri fyrir kennara til að kynnst nemendum betur. Ræða má t.d. um áhugamál, vini, fjölskyldu og fleira. Þau gefa nemendum tækifæri til að “koma sjálfum sér á framfæri”. Tveir nemendur geta einni óskað eftir viðtali það á ekki að nota nemendaviðtöl til kennslu né til að ávíta nemendur. Kennari áætla 40 mín. á viku í viðtölin. Gott er að gefa nemendum nokkra daga til undirbúnings. Því meiri, betri og jákvæðari tengsl sem kennarar mynda við nemendur, því auðveldara er að eiga við þá jákvæð samskipti.

Viðtölin gefa kennurum tækifæri til að sýna að þeir hafi áhuga fyrir nemendum sínum sem einstaklingum. Ávinningur af þeim er m.a. aukin kynni kennara og nemenda, gagnkvæmt traust, jákvæðari samskipti, nemendum líður betur í kennslustundum, gott tækifæri fyrir óframfærna nemendur, gott fyrir þá sem lenda oft í útistöðum að eiga spjall á jákvæðum nótum við kennarann sinn. Vakin er athygli á því að það tekur tíma að festa viðtölin í sessi þar sem þau eru aðeins 2-3 á ári við hvern nemanda. **(Borgaskóli)**

Olweus

Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun hvílir á fáum meginreglum. Reglurnar hafa fengist staðfestar í vísindalegum rannsóknum á þróun og breytingum þessa atferlisvanda, einkum árásarhneigðu atferli. Það er því mikilvægt að reyna að koma á „endurskipulagningu þess félagslega umhverfis sem er“ og að skapa skólaumhverfi sem einkennist af hlýlegum og jákvæðum áhuga og alúð hinna fullorðnu, ákveðnum römmum vegna óviðunandi atferlis, stefnufastri beitingu neikvæðra afleiðinga (refsinga) sem hvorki eru líkamlegar né óvinveittar, brjóti nemandi gegn þeim reglum sem ákveðnar hafa verið, fullorðnum í skóla (og á heimili) sem virka sem yfirboðarar við vissar aðstæður. Sjá heimasíðuna Olweus gegn einelti. <http://olweus.is/>

PBS (Positive Behavior Support).

Agakerfi sem byggir á jákvæðri hegðunarmótun og er kennt við PBS Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, styrkja jákvæða hegðun með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks.

Áherslur í PBS:

Farið er í gegnum hvert svæði með nemendum og þeim sýnt hvers er vænst af þeim á hverjum stað. Búið er að skilgreina væntingar um rétta hegðun og umgengni á öllum svæðum skólans. Þegar nemendur sýna háttvísi og góða hegðun er mikilvægt að því sé fylgt eftir og hrósið berist heim til foreldra. Mentor tölvukerfi skólans er notað til að hrósa nemendum með þessum hætti. Einnig geta borist heim hrósmiðar fyrir góða hegðun. Þegar nemendur sýna óæskilega hegðun er reynt eftir fremsta megni að leiðrétta þá hegðun. Ef það tekst ekki er ákveðinn agaferill sem fer af stað. Skráning á óæskilegri hegðun fer í gegnum Mentor skráningakerfi skólans og einnig er haft samband við foreldra símleiðis eða með tölvupósti. Foreldrar eru boðaðir til fundar þegar þörf er á.
(Víkurskóli og Hamraskóli)

Sjálfstyrkingarnámskeið Baujunnar

Baujan stuðlar að virkri og vakandi sjálfsvitund sem er forsenda aðgerða og breytinga á líðan. Hún eflir tilfinningagreind bæði þátttakenda og kennara. Aðferðin er fljótvirk, árangursrík og umfram allt auðveld aðferð í sjálfstyrkingu þar sem tilfinningavinna er tengd öndun og er því auðveld til uppbyggingar. Baujunámskeiðið er tilvalin fyrir nemendur sem vilja byggja sig upp og öðlast aukið sjálfsöryggi. Nemendur öðlast þá innsýn að hver og einn eigi möguleika á að stjórna líðan sinni. Nánari upplýsingar á baujan.is. *(Borgaskóli, Hamraskóli, Korpuskóli)*

Skólavinir

Verkefni sem unnið er í 7.bekk. Námsráðgjafi og umsjónakennari vinna saman að verkefninu. Í verkefni felst að nemendur 7. bekkjar býðst að vera skólavinur yngri nemanda. Þau fá gul vesti til að vera í í frímínútum. Hlutverk þeirra er að leika við og aðstoða yngri nemendur. 4. nemendur starfa í hverjum frímínútum. Verkefnið er valfrjálst og unnið er í 2.-3. vikur í einu og þá tekið hlé í ákveðin tíma og þráðurinn þá aftur tekin upp. Verkefnið er kynnt sérstaklega fyrir nemendum á yngsta stigi þar sem nemendur og námsráðgjafi kynna verkefnið sameiginlega.

Skýrar reglur í vinnuumhverfi/Sjónrænar vísbendingar

Í 1. – 7. bekk eru sjónrænar vísbendingar. Sett er upp stundaskrá dagsins í myndum á yngra stigi og mynd og texta á miðstigi.



Stig af stigi

Námsefni í lífsleikni fyrir yngsta stig. Eflir félags- og tilfinningaþroska. Styrkir samkennd, innlifun og sjálfstjórn. Mjög markvisst og gott námsefni fyrir nemendur á yngsta stigi. Ljúka þarf námskeiði til þess að fá að kenna þetta námsefni.

(Borgaskóli, Engjaskóli)

Uppbyggingarstefnan

Stefna skólans í því að breyta hegðun nemanda byggir á því að styrkja það jákvæða í framkomu og vinnu nemandans. Unnið er samkvæmt Uppbyggingarstefnu (Restitution). Samkvæmt henni er áherslan á að leita lausna í stað þess að einblína á vandamálið.

Áhersla er lögð á bekkjarstjórnun og gott utanumhald um nemandann hjá umsjónarkennara. Byggt er upp traust á milli kennara þannig að nemandi upplifi að kennara sé umhugað um hans hag. Samskiptabók er notuð með einstaka nemendum á yngsta stigi. Þar er lögð áhersla á að skrifa það sem vel hefur gengið yfir daginn og farið yfir það með nemanda í lok dags. Áhersla er á að nemandi fái jákvæða upplifun eftir skóladaginn.

(Foldaskóli)

Tengslakannanir

Tengslakannanir gefa kennurum mynd af félagslegum samskiptum innan bekkja og árganga. Þær geta gefið vísbendingar um tengsl nemenda innbyrðis, félagslega einangrun sem og sterka stöðu einstakra nemenda. Niðurstöðurnar hjálpa kennaranum að hafa yfirsýn yfir samskipti innan nemendahópsins

Í Borgaskóla eru kannanir um tengsl og líðan lagðar fyrir tvisvar á ári í 1.–7. bekk. Markmið þeirra er að fá mynd af tengslum nemenda innan bekkjar og árgangs sem og að afla upplýsinga um líðan þeirra. Fyrsti þáttur könnunarinnar er byggður á klípusögu. Þar les nemandinn stutta sögu, setur sig í spor sögupersónu og tekur afstöðu til ýmissa þátta. Síðan er spurt hjá hverjum nemandinn vilji sitja og við hvern hann vilji leika sér í frímínútunum. Einnig er spurt um líðan nemenda í skólanum. Meðfylgjandi eru sýnishorn af könnunum sem lagðar eru fyrir [yngsta stig](#) og [miðstig](#). Að hausti er lögð fyrir könnun í [unglingadeild](#) þar sem nemendur meta sjálfa sig. Kannaðir eru þættir eins og félagsleg tengsl, sjálfsmynd nemenda og viðhorf til skólastarfsins (Sveinfríður Olga Veturliðadóttir og Fríður Reynisdóttir, 2006)

Flokkur B - Miklir hegðunarerfiðleikar

Atferlisver

Atferlisver er fyrir nemendur 1. til 10. bekkjar. Dvöl nemenda í atferlisferi er tímabundin og fara nemendur aftur inn í bekk með eftirfylgd frá atferlisveri þegar þeim hefur tekist á ná tökum á vandnum.

Markmiðið með atferlisveri er:

- að nemendum líði vel í skólanum
- að stöðva truflandi hegðun
- að nemandi læri að fara eftir reglum sem gilda í skólasamfélaginu – bæði skráðum og óskráðum
- að nemandi læri aðferðir til að komast hjá vandræðum.

Áður en nemandi er sendur í atferlisver þarf kennari að vera búin að tala einslega við nemanda og gera honum ljóst hvaða kröfur kennari gerir um hegðun og hafa samband við foreldra vegna vandans. Nemanda skulu þó gefin hæfilega mörg tækifæri til að bæta sig. Að lokum setur kennari skjólastjórnanda í málið. Þegar upp koma neyðarmál, svo sem alvarlegar líkamsmeiðingar eða ruddalegt orðbragð/skrif til kennara þarf forvinna kennara ekki að vera til staðar. Þegar nemandi er sendur í atferlisver ber kennari ábyrgð á því að koma öllu námsefni og námsáætlun nemandans í atferlisver. Kennari í atferlisveri ber síðan ábyrgð á því að framfylgja námsáætlun frá kennara, eftirfylgd inn í bekk og upplýsingum til skólastjórnenda fyrir stöðufundi. Nemanda er gert grein fyrir því að hann kom sér sjálfur í vandræði og hefur einn vald til þess að koma sér úr þeim aftur en hann fær hjálp til þess. Nemandi fer aftur í bekk að lokinni dvöl í atferlisveri með eftirfylgd frá verinu. Ef dvölin í atferlisveri ber engan árangur þá er ljóst að skólinn hefur reynt til þrautar og málinu er vísað „úr húsi“. (*Rimaskóli*)

Ásgarður

Ásgarður er náms og stuðningsver á yngsta stigi Þar eru sérkennari og stuðningsfulltrúar með litla hópa í lestri og stærðfræði. Sérstakt úrræði er fyrir litla hópa sem þurfa aðlagð námsefni og sjálfsstyrkingu. Við það starfar stuðningsfulltrúi undir stjórn sérkennara.

Fylgst er vel með námsárangri nemenda á yngsta stigi og lögð fyrir stöðluð próf í læsi og stærðfræði svo hægt sé að aðstoða þá nemendur strax sem þurfa á því að halda.

Breiðablik

Breiðablik er náms og stuðningsver á yngsta og miðstigi. Hvíldarstaður og verkleg viðfangsefni fyrir yngsta stig. Þar fer einnig fram kennsla og þjálfun barna með hegðunarraskanir. Álagi er létt af börnum með athyglisbrest/ofvirkni með því að gefa þeim rými til leiks og hreyfingar. Þar fer einnig fram talkennsla.

Frímínútnapassi

Notað innan hópa þar sem hafa komið upp vandamál í frímínútum. Þar sem brugðist er við með því að taka upp skýrar vinnureglur. Boltavöllum verður áfram skipt á árganga en nú verður skólalóð skipt í ákveðin svæði og hver starfsmaður á frímínútnavakt hefur umsjón með hverju svæði fyrir sig. Starfsfólk fylgist með hegðun nemenda, skrá brot á reglum og láta umsjónarkennara vita sem veitir nemanda tiltal. Ef um ítrekuð brot á reglum er að ræða fær nemandi svokallaðan *frímínútnapassa* sem hann þarf að fylla út ásamt umsjónarkennara áður en hann fer í frímínútur. Þannig ákveður nemandi fyrirfram hvað hann ætlar að gera í hverjum frímínútum og hvernig hann ætlar að haga sér. Ef nemendum gengur illa að nota frímínútnapassann kemur til greina að þeir þurfi að vera inni í frímínútum og vinna að ákveðnum verkefnum. Sýnishorn af frímínútnapassa er í fylgiskjali.

(Hamraskóli)

Hugur og hönd

Þjálfunarverkefninu Hugur og hönd er ætlað að þjálfa rökhugsun. Því er ætlað að efla fínhreyfingar og samhæfingu augna og handa. Markmiðið er að bæta líðan og styrkja sjálfsmynd nemanda sem hafa einhverskonar sérstöðu, hafa orðið útundan eða trufla mikið í bekkjum. Einnig á það að efla félagsfærni og samskiptafærni nemenda.

(Húsaskóli)

Lausnateymi

Kennarar eða teymi kennara geta leitað stuðnings/ráðgjafar, vegna náms- og/eða hegðunarvanda nemenda, hjá lausnateymi. Teymisstjóri tekur við beiðnum til teymisins og ber ábyrgð á að boða alla aðila á fund, stýrir fundunum og fylgir eftir niðurstöðum. Fundir teymisins taka að hámarki 40 mínútur. Tilgangur með teyminu er að styðja kennara til að hafa nemendur með sérþarfir sem inni í bekk. Teymið veltir upp mögulegum lausnum og kennarinn velur vænlegustu leiðina til að vinna samkvæmt. Lausnarteymi þar sem hópur reyndra kennara leitar lausna á vanda einstakra nemenda eða nemendahópa. Þessi vinna er ákveðin tegund af handleiðslu þar sem kennari kemur inn á fundinn með tiltekið vandamál. Á fundinum aflar hópurinn frekari upplýsinga um málið og vinnur að lausn eftir ákveðnu kerfi. Niðurstaða fundar getur verið af ýmsum toga m.a. að nemandi verði vistaður í Námsveri 2. (*Víkurskóli, Foldaskóli*)

Listmeðferð

Listmeðferð er einstaklingsúrræði sem býðst nemendum sem eiga í tilfinningavanda. Markmiðið er að bæta líðan, styrkja sjálfsmynd og hjálpa nemandanum til að skilja sínar eigin tilfinningar og stjórna þeim. Nemandinn vinnur í gegnum listina með því að mála, leira eða teikna. Fullur trúnaður er á milli listmeðferðafræðings og nemanda. Náíð samband er á milli listmeðferðarfræðings, foreldra, og umsjónarkennara. (*Húsaskóli*)

Námsver 2

Kennari er ráðinn í 12 tíma á viku sem kennari í Námsveri 2. Fyrri hluta vetrar þegar nemendur eru ekki farnir að vera í námsverinu notar hann þessa tíma í fyrirbyggjandi verkefni. Það getur verið að koma að málum þar sem erfiðleikar eru í samskiptum milli nemenda, nemendahópa eða hegðunarerfiðleika einstakra nemenda. Hann ræðir við nemendur og beitir aðferðum uppbyggingar og vinnur með málið eða fylgir málum eftir þangað til árangur er merkjanlegur. Hann hefur einnig regluleg viðtöl við nemendur sem eiga í atferlisvanda og viðtöl við stúlkna- og drengjahópa til að bæta samskipti innan bekkjar. Þessi vinna hefur skilað mjög góðum árangri og okkur finnst nauðsynlegt að hafa kennara sem hefur þetta svigrúm að geta komið til aðstoðar á mismunandi tímum.

Nemandi sem vistaður er í Námsveri 2 byrjar á því að fara í Hvatningarviðtal. Þar er farið yfir stöðuna með nemandanum og hann setur sér náms- og hegðunarmarkmið í samráði við þann sem tekur viðtalið. Í viðtalinu er lögð áhersla á að styrkja nemandann á jákvæðan hátt. Rætt er um þá þætti sem gengið hafa vel hjá nemandanum og stöðuna eins og hún er og hvað nemandinn er tilbúinn að gera til að bæta eða breyta hegðun sinni. Inntakið er að tillaga að breytingu þarf að koma frá nemandanum sjálfum þannig að hann sé tilbúinn að leggja sig fram við að bæta þá stöðu sem hann er kominn í.

Vistun í Námsveri 2. Þýðir að nemandinn sækir hluta af sínum tímum í námsverið. Um leið og nemandinn kemur í Námsver 2 fær hann möppu með þeim markmiðunum sem hann hefur sett sér. Mappan fylgir honum í alla tíma í skólanum og kennarar merkja við hvernig honum tekst að uppfylla þau. Vikulega er farið yfir stöðuna og framhald metið með nemandanum. Markmiðið er að nemandinn vinni sig sem fyrst aftur inn í bekk.

Reglulegir fundir með foreldrum þar sem ákveðið er hvaða þætti á að leggja áherslu á að bæta hverju sinni. Á þessum fundum er ákveðið hvað hver aðili á að gera til þess að árangur náist með nemandann. Í upphafi næsta fundar er farið yfir hvernig hefur gengið og næstu skref ákveðin. Slíkir fundir eru yfirleitt á tveggja vikna fresti til að byrja með en síðan verður lengra á milli funda ef árangur er af starfinu. Fundargerðir eru undirritaðar af foreldrum og öðrum sem sitja á fundunum.

(Foldaskóli)

Nemendahópar sem að námsráðgjafi vinnur með.

Aðallega er um að ræða nemendahópa sem eiga í samskiptavandamálum í bekk.

Námsráðgjafi/kennarar vinna með fulltrúa skólastjóra/deildarstjóra og bekkjarkennara með þessa hópa. Hóparnir hittast með umsjónarmanni í nokkur skipti þar sem fullur trúnaður ríkir milli allra aðila. Rætt er og frætt um samskipti í víðu samhengi.

(Grunnskólar í Grafarvogi)

Persónugerð klippikort

Klippikortið er unnið í samvinnu við nemandann. Hann er í upphafi spurður um hvað honum finnst skemmtilegt að gera í skólanum sem síðan er notað sem umbun. Nemandi er einnig spurður um það hvað það er sem ekki er að ganga vel. Kortið er síðan sett upp

með þessa þætti í huga. Tímarnir sem eru nemandanum erfiðir eru oftast styttrir og umbunin kemur inn í þá tíma ef vel hefur gengið. Kortið er hugsað þannig að það er gatað eða jafnvel klippti í burtu það sem þegar er lokið. Nemandi fær umbun daglega.

(Hamraskóli)

Regluleg viðtöl skólastjórnenda við nemendur.

Nemendur sem eiga í hegðunarvanda í bekk er gert að hitta einhvern af skólastjórnendum (oftast fulltrúa skólastjóra). Um er að ræða dagleg viðtöl eða sjaldnar þar sem nemandi gerir grein fyrir hegðun sinni og segir frá atburðum dagsins/tímabilsins.

Markmiðið með þessum samtölum er að veita nemandanum mikið aðhald og styrkingu þannig að hann bæti hegðun sína. Stefnt er að því að fækka viðtölunum smám saman þannig að þau verði vikulega og jafnvel sjaldnar.

(Húsaskóli)

Sérkennsluver

Í sérkennsluveri er veitt ráðgjöf til kennara vegna náms- og hegðunarvanda og vegna félagslegra vandamála nemenda. Ráðgjöfin getur tekið til námshópa og einstakra nemenda. Hún felur í sér að koma til samstarfs við kennara til að skilgreina vandann, endurskipuleggja námsaðstæður, kennsluaðferðir, aðlaga námsefni og ytra og innra skipulag. Þar fara fram greiningar á námsvanda og einnig er þar haldið utan um aðrar greiningar og skimanir sem varða nemendur og námshópa. Umsjónarmaður sérkennsluvers heldur utan um gerð einstaklingsnámskráa og skipulag sérkennslu vegna nemenda sem ekki geta fylgt námskrá námshópanna. Í sérkennsluverinu eru einnig skipulögð og framkvæmd einstök námskeið sem taka á ákveðnum námslegum þáttum, námstækni og félagsfærni. Umsjónarmaður sérkennsluversins og umsjónarkennari nemandans vinna saman námskrána og bera sameiginlega ábyrgð á gerð, framkvæmd og endurskoðun hennar. Ávallt skulu liggja fyrir greiningar á vanda nemandans þegar einstaklingsnámskrá er gerð. Kennslan getur bæði farið fram í sérkennsluverinu eða í bekk. Í slíkri kennslu er unnið markvisst að því að nemandinn snúi aftur að fullu inn í námshópin og fram fer regluleg endurskoðun á stöðu. *(Víkurskóli, Rimaskóli)*

TEACCH (*Treatment and education of autistic and related communication handicapped children*).

Meginhugmyndafræði *TEACCH* er að leggja áherslu á sérþarfir og menningu fólks með einhverfu. Leitast er við að skipuleggja og aðlaga umhverfið svo auðvelda megi einhverfu fólki að lifa og starfa samfélaginu. Í *TEACCH* er gengið út frá því að flest börn með einhverfu skilji betur það sem þau sjá en það sem þau heyra. Þar er m.a. lögð áhersla á skipulagða kennslu og kennsluumhverfi, fyrirsjáanleika og yfirsýn yfir væntingar með hjálp sjónræns stuðnings, sem hentar hverjum og einum. Áhersla er lögð á að sjónrænn stuðningur hjálpi börnum með einhverfu að lesa í umhverfið. Að bæta myndrænum stuðningi af ýmsum toga við talað mál hefur gefið góða raun við kennslu þessara barna og hjálpað þeim við flókin viðfangsefni. Tækni sem þessi nýtist vel þar sem gott sjónrænt skipulag eykur öryggi og sjálfstraust nemenda, gerir þeim kleift bæði að kynna nýjum athöfnum og fá aukið þor til að framkvæma þær. (*Hamraskóli*)

Valhöll

Valhöll er náms og stuðningsver á miðstigi Kennslan fer að mestu fram í litlum hópum og í námskeiðsformi. Sú kennsla er aðallega í íslensku og stærðfræði og er sérstök áhersla lögð á að auka lestrarfærni og efla áhuga á bóklestri. Þeir nemendur sem eru mest í Valhöll fá einnig aðlagað námsefni í samfélagsfræði. Lögð er áhersla á að byggja upp sjálfstraust og trú á eigin getu.

Valver

Valver er sér- og stoðkennsla fyrir nemendur á unglingsstigi. Einstaklingsmiðað úrræði fyrir 12 nemendur úr 8.-10. bekkjum þar sem mikil áhersla er lögð á nám og vellíðan. Þessir 12 nemendur eiga þar sinn samanstað en sækja aðrar greinar í samráði við kennara og foreldra. Nemendur í Valveri fá aukalega sérgreinakennslu í 8 tíma á viku. Þeir taka þátt í atvinnutengdu námi. Í Valveri starfa kennari og stuðningsfulltrúi. Sjá heimasíða . <http://www.engjaskoli.is/vinna/Valver.pdf> (**Engjaskóli**)

Flokkur C - Alvarlegur hegðunarsandi

Flest úrræði sem flokkast í C lið eru unnin í samstarfi við Miðgarð, Heilsugæsluteymi, fardeild, BUGL, Brúarskóla eða Greiningarstöð ríkisins. Þau eru oftast en ekki sérsniðin fyrir þarfir hvers nemanda.

Hugleiðingar um fyrirbyggjandi aðgerðir

Eftirfarandi ábendingar eru frá einum þátttakanda í verkefninu. Um er að ræða atriði sem ætlað er að bæta skólabrag og vinnuvenjur sem gætu stuðlað að betri líðan nemenda og fyrirbyggt hegðunarsanda meðal nemenda. Ennfremur er bent á úttekt Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjörgu Kaldalóns (2006), þar sem settar eru fram fjölmargar ábendingar um það hvernig megi bæta skólabrag, m.a. að kennarar borði með nemendum í matsal. Þar kemur m.a. fram að jákvæð viðhorf til nemenda og foreldra getur skipt sköpum við að skapa góðan skólabrag. Annað sem vert væri að leiða hugann að er t.d.:

- Að ávallt sé komið fram við nemendur af virðingu og að fullorðna fólkið sé góð fyrirmynd

Þótt þetta virðist vera atriði sem óþarft er að nefna, er þó ávalt að hafa í huga og allir þurfa minna sig á. Virðing skiptir miklu máli og það getur valdið uppreisn hjá nemendum ef þeim finnst þeir vera órétti beittir eða komið fram við þá af virðingarleysi.

- Nemendalýðræði

Skapa þarf hefðir og vinnulag með áherslu á að nemendur séu hafðir með í ráðum, að þau taki ábyrgð og að hafi eitthvað um sín mál að segja.

- Lengd kennslustunda

Langar kennslustundir (allt að 80 mínútur) geta verið erfiðar nemendum sem eiga erfitt með að einbeita sér og sitja kyrr. Mikilvægt er að börnunum gefist kostur á að standa upp og hreyfa sig með reglulegu millibili.

- Undirbúa kennaranema betur undir að taka á agamálum í kennaranámi

Það þarf að huga vel að þessu þar sem þessi þáttur er stór hluti af kennslu og af því að vera kennari.

- Næg viðfangsefni í frímínútum

Það að nemendur hafi eitthvað að gera í frímínútum, tengist kannski ekki beint hegðunarerfiðleikum. En til að skapa góðan skólabrag er nauðsynlegt að nemdur hafi við að vera annað en að gera eitthvað af sér.